

Mættir á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir, framkvæmdastjóri KÍM og Klara Þórhallsdóttir verkefnastjóri KÍM. Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands) er fjarverandi.

Fundur settur kl. 8:35

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

Fundargerð samþykkt án athugasemda.

2. Tilnefningar og Myndlistarverðlaunin 2021

Form fyrir eyðublað vegna innsendra tilnefninga til myndlistarverðlauna rædd. En eyðublaðið verður gert aðgengilegt að morgni 1. des. á heimasíðu myndlistarsjóðs. Auglýsing verður send út auk þess sem stofnanir og félög verða hvött til þátttöku.

Myndlistarverðlaunin verða gerð opinber 25. febrúar 2021 og viðbúið er að ekki verð hægt að halda viðburðinn með hefðbundnu sniði vegna heimsfaraldursins. Hugmyndir eru um að Ríkisjónvarpið komi að gerð þáttar í staðinn þar sem fjallað verði um tilnefningar og verðlaunahafa eins og áður en með ýtarlegri hætti. En áður hefur RÚV gert innslög sem hafa verið sýnd á viðburðinum.

Ekki verður gefið út sér rit eins og áður, heldur mun nýtt tímarit um íslenska myndlist fjalla um alla þá sem tilnefndir eru auk verðlaunahafa. Myndlistarráð velur listamann sem hlýtur heiðursviðurkenningu og útgáfu frá árinu sem þykir vegleg. Einnig mun vera fjallað um það í tímaritinu sem verður gefið út á sama tíma og verðlaunin eru opinber.

3. Stefna myndlistarráðs og árskýrsla

Formaður myndlistarráðs hefur unnið drög að stefnu fyrir ráðið. Guðrún Erla og Helgi Þorgils, formaður, munu halda þeirri vinnu áfram og mun ráðið svo hittist á vinnufundi 11. desember og fullvinna stefnuna.

Verkefnastjóri myndlistarsjóðs er með í vinnslu árskýrslu myndlistarsjóðs þar sem fjallað er um þau verkefni sem hafa legið fyrir á árinu, íslensku myndlistarverðlaunin, nýbreytni og úthlutanir. Einnig mun stefna myndlistarráðs vera birt í árskýrslunni.

4. Myndlistarstefna

Eins og fram hefur komið er starfshópur að vinna að nýrri myndlistarstefnu til næstu 10 ára. Starfshópin skipa: Auður Edda Jökulsdóttir (aðstoðarm. ráðherra), Harpa Þórsdóttir (safnstjóri Listasafns Ísl.), Hildur Jörundsdóttir (mmr), Auður Jörundsdóttir (framkv. KÍM), Hlynur Helgason (SÍM), Helgi Þorgils Friðjónsson (formaður myndlistarráðs), Dorothee Kirch (formaður

listskreytingasjóðs) og Börkur Arnarson hefur verið fenginn til sérstakrar ráðgjafar varðandi þætti er snúa að atvinnulífi.

Hlynur og Auður greindu frá ýmsum áhersluatriðum stefnunnar sem er komin vel á veg. Nokkur heildarmarkmið einkenna stefnuna þar sem áhersla er á að styrkja myndlistarstarfið á heildrænan hátt þar sem lýðræði og sjálfbærni eru höfð að leiðarljósi.

Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili af sér í janúar lok 2021.

5. Önnur mál

Fjallað var um val á listamanni sem hlýtur heiðursviðurkenningu og lögðu ráðsmenn fram tillögur og rökstuddu þær. Niðurstaðan kom fljótt og var samþykkt einróma.

Viðurkenning fyrir útgáfu. Yfirlit yfir það sem hefur verið gefið út á árinu verður sent til ráðsmanna fljótlega.

Næsti fundur er áætlaður 11. desember kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 10